

Sjálfsmatsskýrsla

Grunnskóla Borgarfjarðar



2018 - 2019

| | |
|------------------------------|----|
| Efnisyfirlit | |
| Inngangur | 3 |
| Einkenni stofnunarinnar..... | 4 |
| Húsnæði | 4 |
| Skólalóð..... | 4 |
| Starfsmenn GBF | 5 |
| Akstur | 5 |
| Stefna og markmið..... | 5 |
| Framtíðarsýn..... | 6 |
| Einkunnarorð | 6 |
| Gildi..... | 6 |
| Árlegar kannanir | 7 |
| Samræmd próf..... | 7 |
| Foreldrasamtöl | 8 |
| Nemendaráð..... | 9 |
| Starfsmannasamtöl..... | 9 |
| Skólapúlsinn | 9 |
| Gæðagreinir | 11 |

Inngangur

Öllum grunnskólum ber að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina veika og sterka þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir og margir ólíkir þættir móta skólastarfið. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað, með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið í heild sinni. Sjálfsmat skóla er liður í þróun og vexti þeirra auk þess sem það er leið til að miðla þekkingu á skólastarfi. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Það er í verkahring sveitarstjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs samkvæmt nýjum grunnskólalögum, sbr. 5., 6. og 37. gr. og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein laganna kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Sjá grunnskólalögin nánar á eftirfarandi slóð

<http://www.althingi.is/altext/135/s/1114.html>. Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Matið þarf að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert, til þessa að uppfylla viðmið laga. Grunnskóli Borgarfjarðar hefur starfað í 9 ár. Unnið er eftir sjálfsmatskerfinu „How good is our school“ eða gæðagreinum. Gæðagreinana ásamt ítarefni má finna á vef skólaskrifstofu Skagfirðinga. <http://skolar.skagafordur.is/gaedagreinar/>.

Einnig eru kannanir Skólapúlsins lagðar til grundvallar sjálfsmati skólans. Þar svara ýmist foreldrar, nemendur eða foreldrar.

Einkenni stofnunarinnar

Húsnæði

Hvanneyrardeild

Kennsla fer fram í tveimur byggingum, barnaskólanum og íþróttahúsi Landbúnaðarháskólans. Í barnaskólanum eru þrjár almennar kennslustofur, tölvuver, myndmenntarstofa, bókasafn, starfsmannaaðstaða og eldhús. Íþróttakennsla fer bæði fram utan dyra og í íþróttahúsinu. Sundkennslan fer fram í Hreppslaug í Skorradal á vorin og haustin.

Kleppjárnsreykjadeild

Kennsla fer fram í fjórum byggingum, grunnskólanum, smáhýsi við skólann, í fyrrum skólastjóraíbúð við skólann og í íþróttahúsinu á Kleppjárnsreykjum. Í grunnskólanum eru smíðastofa, bókasafn, tölvuver, félagsaðstaða nemenda, starfsmannaaðstaða, skrifstofa ritara og mötuneyti. Í smáhýsinu fer fram myndmenntarkennsla. Í gömlu skólastjóraíbúðinni eru textíl- og tónmenntarstofa. Náttúrufræðistofa var innréttuð í vesturenda skólans. Í íþróttahúsinu fer fram öll íþrótt- og sundkennsla.

Vestasti hluti skólans, þar sem áður voru íbúðir, voru endurgerðar og var kennsla yngsta stigs flutt þangað.

Varmalandsdeild

Kennsla fer fram í tveimur byggingum, barnaskólanum og í íþrótt- og félagsheimilinu Þinghamri. Í grunnskólanum eru almennar kennslustofur, bókasafn, tölvuver, starfsmannaaðstaða, skrifstofa ritara og skólastjóra og mötuneyti. Mynd og handmenntastofa er í viðbyggingu. Í Þinghamri er íþróttasalur, sundlaug, heimilsfræðistofa og smíðastofa.

Skólalóð

Hvanneyrardeild

Skólalóðin er miðsvæðis og liggur ekki að umferðargötum. Lóðin er að mestu leyti lögð mól en grasi að hluta til. Á lóðinni er góður gervigrasvöllur og steiptur körfubolta/fótboltavöllur. Einnig eru rólur og klifurgrind. Matjurtagarður er staðsettur norðan við skólalóðið. Fyrir liggur teikning af skólalóðinni sem bíður framkvæmdar. Í nágrenni skólans eru skjólbelti sem eru útinámssvæði skólans.

Kleppjárnsreykjadeild

Skólalóðin er nokkuð stór. Í porti sem myndast af skólabyggingunni eru leiktækin og í kringum þau er mól, þar er einnig lítill malbikaður körfuboltavöllur. Utar eru svo stór grasfótboltavöllur og grasflatir umhverfis skólann sem nýtast sem leiksvæði. Malbikaður minni fót- og körfuboltavöllur er staðsettur við enda sundlaugar. Skólinn hefur einnig til umráða gamalt tún í næsta nágrenni svokallað Læknistún og þar hefur verið unnið að aðstöðu fyrir útikennslu með byggingu skýlis og gerð eldstæðis. Þar hafa einnig verið gróðursettar plöntur til skjólmyndunar.

Varmalandsdeild

Náttúrulegt umhverfi skólans, skógur og hnjúkurinn hentar vel til útivistar og útináms. Við skólann er fótbolta og körfuboltavöllur, strandblaksvöllur, frjálsíþróttasvæði og leikvöllur bæði fyrir framan skólann og í skóginum.

Að vori bættust við þannavellir á öllum deildum sem UMSB hafði yfirumsjón með.

Nemendur

Við upphaf skólaársins 2018-2019 voru nemendur skólans 189 en við skólalok 182

Í Hvanneyrardeild var kennt í tveimur bekkjardeildum þ.e. samkennt í 1. og 2. og 3. -5. bekk.

Í Kleppjárnsreykjadeild var kennt í sex bekkjardeildum þ.e. samkennt í 2. og 3. bekk, 4. og 5. bekk, 6. og 7. bekk og 9. og 10. bekk.

Í Varmalandsdeild var í byrjun skólaárs kennt í fimm bekkjardeildum en um áramót var skipulaginu breytt og kennt í fjórum bekkjardeildum þ.e. samkennt í 1. - 3. bekk, 4. og 5. bekk, 6. og 7. bekk og 8. - 10. bekk.

Starfsmenn GBF

Skólastjóri

Skólastjóri Grunnskóla Borgarfjarðar er Helga Jensína Svavarsdóttir.

Deildastjórar

Við GBF starfa þrjú deildarstjórar í mismunandi háum stöðuhlutföllum í stjórnun. Sólrún Halla Bjarnadóttir deildarstjóri Hvanneyrardeildar er í 40% stöðu, Hörður Ríkharðsson deildarstjóri Varmalandsdeildar í 70% stöðu og Ingibjörg Adda Konráðsdóttir deildarstjóri Kleppjárnsreykjadeildar í 81% stöðu.

Stöðugildi

| <i>Stjórnun</i> | <i>Almenn kennsla</i> | <i>Sérkennsla</i> | <i>Þroskaþjálfari</i> | <i>Stuðningsfulltrúar</i> |
|-----------------|-----------------------|-------------------|-----------------------|---------------------------|
| 4 stjórnendur | 27 kennarar | 3 kennarar | 1 þroskaþjálfari | 5 stuðningsf. |
| 3,55 | 23,48 | 2 | 1 | 4,2 |

| <i>Skólaliðar bókasafn ritarar</i> | <i>Mötuneyti</i> | <i>Húsvarsla</i> | <i>Tómstundafræðingur/skólaset</i> | |
|------------------------------------|------------------|------------------|------------------------------------|-------|
| 13 starfsmenn | 6 starfsmenn | 2 starfsmenn | 2 starfsmenn | |
| 8,6 | 4,4 | 1,2 | 1,3 | 49,73 |

Starfsmenn voru samtals 58 í 49,73 stöðugildum.

Kennslutímamagn var 654 tímar.

Akstur

Nær allir nemendur skólans koma og fara með skólabílum.

Umsjónarmenn leiða eru: Hvítársíða/Stafholtstungur Ben og félagar, Borgarhreppur, Þverárhliðarleið, Lundarreykjadalur, Hálsasveit, Lundareykjadalur og frístundarúta Garðar Jónsson, Bifröst, Norðurárdalur, Hvanneyrarleið og Skorradalsleið Sigurður Ingi Þorsteinsson, Húsafellsleið Þórarinn Skúlason.

Stefna og markmið

Hlutverk Grunnskóla Borgarfjarðar, í skipulagðri samvinnu við heimilin og samfélagið, er að

- stuðla að vellíðan, alhliða þroska og heilbrigði nemenda
- veita nemendum tækifæri til alhliða menntunar, bæði hugar og handa
- efla gagnrýna hugsun nemenda, lífsgleði og jákvæða sjálfsmynd
- undirbúa nemendur fyrir virka þátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi, með sjálfstraust og áráðni til að hafa áhrif á þróun samfélagsins

Framtíðarsýn

Grunnskóli Borgarfjarðar útskrifar metnaðarfulla nemendur, sem nýta styrkleika sína til að ná árangri. Skólinn er sérstaklega sterkur á sviði lýðheilsu, lífsleikni, list- og verkgreina, með tengingu við náttúru, arfleifð, menningu og sögu heimasvæðisins. Skólinn eykur fjölbreytni sína í gegnum ólíkar starfsstöðvar, sem standa og vinna saman að stöðugt betri árangri.

Einkunnarorð

Einkunnarorð skólans eru gleði, heilbrigði og árangur. Hugtökin þrjú lýsa best skólastarfi GBf og við hverju nemendur mega búast innan hans.

Gleði vísar til þeirra jákvæðu viðhorfa sem skólinn vill að nemendur hafi til námsins og skólans og sé um leið lýsandi fyrir ríkjandi samskiptaform. Án gleðinnar er erfitt fyrir nemendur að ná þeim góða árangri sem skólinn væntir af þeim.

Heilbrigði, vísar til andlegs og líkamlegs heilbrigðis sem er lykilþáttur nemenda til að ná árangri. Skólinn leggur sitt af mörkum til að auka heilbrigði nemenda með daglegri, skipulagðri hreyfingu og hollum mat í mötuneytinu.

Árangur vísar til þess árangurs nemenda sem skólinn vill að hver einstaklingur nái bæði í námi og á félagslega sviðinu.

Það er von skólans að nemendur upplifi veru sína í skólanum eftir einkunnarorðum hans. Stefna skólans er einstaklingsmiðað nám með áherslu á útikennslu og hreyfingu, sjá nánar á heimasíðu skólans, gbf.is

Gildi

Við:

- berum virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og umhverfinu
- tökum ábyrgð á því sem við gerum og segjum
- ástundum heiðarleg og réttlát samskipti, byggð á gagnkvæmu trausti
- göngum með gleði og jákvæðu hugarfari til leiks og starfs
- stöndum saman og vinnum saman
- sýnum umburðarlyndi og kærleika í samskiptum
- erum metnaðarfull, skipulögð og öguð í öllu sem við gerum
- gætum fyllsta trúnaðar um málefni annarra
- hvetjum til heilbrigðs lífennis

Árlegar kannanir

| | Bekkur | Framkvæmd | Tímasetning |
|------------------------|-----------------------|----------------------------------|--|
| Tove Krogh, teikniþróf | 1. bekkur | Sálfræðingur | Október 2018 |
| Læsi, lestrarskimun | 1. og 2. bekkur | Umsjónarkennari og sérkennari | Nóvember 2018, janúar og maí 2019 |
| Leið til læsis | Yngri bekkir að hluta | Umsjónarkennari 3. - 4. bekkjar | Haust 2018 og vor 2019 |
| Lesfimi | 1.-10. bekkur | Umsjónarkennari og sérkennari | 1. bekkur einu sinni og 2.-10. þrisvar sinnum á skólaárinu |
| GPR 14 | 9. bekkur | Sérkennsluráðgjafi | Október 2018 |
| Samræmd próf | 4. 7. og 9. bekkur | Deildarstjóri og umsjónakennarar | September 2018 og mars 2019 |
| Logos | 12 nemendur | Sérkennsluráðgjafi | Allur veturinn |
| Málþroskaþróf | 4 nemendur | Talmeinafræðingur | Allur veturinn |
| Orðarún | 3. – 8. bekkur | Umsjónakennari | Október 2018 og febrúar 2019 |

Samræmd próf

Á haustönn þreyttu nemendur 4. og 7. bekkja samræmd próf í íslensku og stærðfræði og nemendur 9. bekkjar þreyttu einnig próf í íslensku, stærðfræði og ensku í mars.

Niðurstöður samræmdra prófa í Grunnskóla Borgarfjarðar

Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk H, K og V deild haust 2018


| Bekkur | Náms þáttur | Fjöldi nem í GBF, allir nemendur þreyttu próf | Einkunnir normal dreifðar - meðaltal 30 | Meðaltal í GBF 2018 | Norð-vestur 2018 | Meðal einkunn GBF 2018 | Niður stöður 2017 | Vlsk | Kljr | Hve |
|--------|-------------|---|---|---------------------|------------------|------------------------|-------------------|------|------|-----|
| 4. b | Íslenska | 13 | 30 | 26,1 | 30,9 | 5,5 | 6,2 | 5,7 | 8 | 5 |
| 4. b | Stærð fræði | 13 | 30 | 29,4 | 30,1 | 6,7 | 5,4 | 5,8 | 10 | 7,1 |
| 7. b | Íslenska | 12 | 30 | 28,7 | 28,7 | 6,2 | 6,3 | 5,9 | 6,4 | |
| 7. b | Stærð fræði | 12 | 30 | 24,7 | 28,6 | 5 | 6,3 | 5,1 | 5 | |

Samræmd könnunarpróf í 9. bekk bekk K og V vor 2019

| | Íslenska | | | Stærðfræði | | | Enska | | |
|--------------|----------|-----------|---------|------------|-----------|---------|----------|-----------|---------|
| | Landið % | Skóli fj | Skóli % | Landið % | Skóli fj | Skóli % | Landið % | Skóli fj | Skóli % |
| A | 9% | 0 | 0,0% | 8,0% | 0 | 0,0% | 9,1% | 0 | 0,0% |
| B+ | 13,2% | 3 | 20,0% | 12,1% | 0 | 0,0% | 13,5% | 2 | 13,3% |
| B | 32,8% | 5 | 33,3% | 31,6% | 2 | 13,3% | 36,0% | 6 | 40,0% |
| C+ | 11,3% | 0 | 0% | 13,4% | 3 | 20,0% | 11,1% | 1 | 6,7% |
| C | 30,8% | 6 | 40,0% | 32,0% | 10 | 66,7% | 27,0% | 4 | 26,7% |
| D | 3,0% | 1 | 6,7% | 2,9% | 0 | 0,0% | 3,3% | 2 | 13,3% |
| Heild | | 15 | | | 15 | | | 15 | |

Lesfimi

Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Grunnskóli Borgarfjarðar, maí 2019



Foreldrasamtöl

Foreldrar og umsjónarkennarar hittast a.m.k. þrisvar sinnum yfir skólaárið. Í upphafi skólaársins þ.e. strax að lokinni skólasetningu er námsefniskynning í hverri bekkjardeild. Þar fer umsjónarkennari yfir námsefni og starf vetrarins og foreldrar velja sér bekkjarfulltrúa í hverri bekkjardeild. Síðan eru tvö einstaklings samtöl þar sem umsjónarkennari, foreldrar/forráðamenn og nemandi hittast og fara yfir stöðu og gengi nemandans í námi og hlustað eftir röddum foreldra. Fyrri samtalið er í byrjun október og það síðara í byrjun janúar. Í seinna samtalinu er hæfnikort nemenda haft til grundvallar og farið yfir það. Niðurstöður samtalanna eru trúnaðarmál og farið með þær sem slíkar.

Nemendaráð

Starf nemendafélags GBF var öflugt á skólaárinu. Kosið var í nemendaráð á unglíngastigi í Varmalandsdeild og Kleppjárnsreykjadeild og tóku fimm nemendur í hvorri deild sæti í nemendaráði. Nemendaráðin fengu hvort um sig tvær kennslustundir á viku til að funda með leiðbeinanda og var nóg um góð málefni.

Nemendafélagið stóð fyrir fjölmörgum viðburðum og má þar nefna haustball, jólaball, árshátíð, bíókvöld, hrekkjavökuskemmtun og spilakvöld fyrir 4.-5. bekk. Á haustönn fór fram sala á merktum skólapeysum og gekk hún vel.

Nemendaráðin héldu fundargerðir á fundum vetrarins og var gerð samantekt fyrir hvern viðburð fyrir sig, sem mun auðvelda áframhaldandi starf nemendafélagsins. Gaman var að sjá hversu öflugir nemendur voru í að hrinda skemmtilegum hugmyndum í framkvæmd og ekki síður ánægjulegt að fylgjast með samstarfi deildanna sem eflist eftir því sem leið á skólaárið. Á lokafundum nemendaráða voru leiðbeinandi og nemendur ánægðir með veturinn. Farið var yfir hvað gekk vel og hverju mætti breyta á næsta ári. Margt gott kom út úr þessari yfirferð og þá helst að krafan um enn meira samstarf, til dæmis sameiginlegur fundur einu sinni í mánuði. Verður það að teljast jákvætt og til marks um það að samstarfið hafi verið skemmtilegt og gengið vel.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fara fram einu sinni að vetri. Þau eru trúnaðarmál skólastjóra og starfsmanns og eru um allt sem snertir starfið en höfuðmarkmið þess eru umbætur. Í því er ekki eingöngu litið til baka heldur einnig fram á veginn. Í starfsmannasamtali eru ekki felldir dómur, það snýst ekki um laun starfsmannsins og er ekki einhliða frammistöðumat. Niðurstöður þeirra eru skráðar og farið með sem trúnaðarmál. Í lok hvers samtals gera starfsmaður og skólastjóri með sér samkomulag um aðgerðir sem snúa m.a. að markmiðum, verkefnum, fræðslu, starfs- og ábyrgðarsviði hvers og eins.

Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er lagður fyrir sem hluti af innramati skólans. Í honum eru spurningalistar fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Umbótaáætlun miðar að þeim þáttum sem skora lægst miðað við landsmeðaltal. Ef svar er t.d. -0,5 þá er það lítið frávik frá landsmeðaltali en þegar það er orðið -1 þá er það orðið töluvert. Sama gildir ef það er 0,5 til 1. Einnig verður horft til þeirra þátta sem voru um og yfir 10% í fráviki.

Nemendakannanir

Nemendur 1. - 5. bekkjar tóku könnun í apríl. Þar var spurt um ánægju af lestri, ánægju með skólann og vellíðan í skólanum. Niðurstöður sýna að ánægja af lestri hefur aukist um 0,2 stig, ánægja með skólann hefur aukist um 0,6 stig og vellíðan hefur aukist um 0,3 stig. Allar niðurstöður eru á pari við landsmeðaltal.

Nemendur 6.-10. bekkjar tóku nemendakönnun í nóvember. Könnunin er aðeins tekin einu

sinni þar sem nemendur eru það fáir að þeim er ekki skipt upp. Síðasta nemendakönnun fyrir 6.-10. bekk var tekin veturinn 2016-17.

Heilt yfir er ekki að sjá miklar framfarir milli kannana en nokkrir hlutir koma svipað út eða eru aðeins á uppleið. Má þar nefna:

- Þrautseigja í námi er aðeins uppávið. Og þokast nær landsmeðaltali.
- Áhugi á stærðfræði hefur aukist en er enn hálfu stigi undir landsmeðaltali.
- Stjórn á eigin lífi er á uppleið.
- Samband kennara við nemendur er aðeins fyrir ofan landsmeðaltal.
- Virk þátttaka í tímum fer aðeins upp á við.
- Mikilvægi heimavinnu í náminu hefur þokast nær meðaltalinu.

Aðrir þættir eins og áhugi á náttúrufræði er á pari við landsmeðaltal en hefur dalað aðeins frá síðustu könnun. Trú á eigin vinnubrögðum í námi er þáttur sem við viljum ná upp en hefur örlítið dalað.

Það sem veldur áhyggjum er að líðan nemenda mælist 0,8 stigum undir landsmeðaltali og hefur dalað um 0,2 stig á milli kannana. Þá kemur fram aukin tíðni eineltis sem er verulegt áhyggjuefni.

Grípa þarf til aðgerða og gera umbótaráætlun um betri líðan nemenda. Lögð verður áhersla að fá nemendur og kennara saman í vinnu við að finna leiðir til að ná árangri.

Nú þegar hefur verið unnið með betri skólabrag með aðstoð sérfræðing frá Erindi. Sú vinna hefur enn sem komið er beinst að afmörkuðum bekkjum og verið mest með kennurum og foreldrum. Tómtundafræðingur var ráðinn í hálfu stöðu við skólann síðastliðið haust og sinnir hún nemendafélögum skólans auk þess að kenna lífsleikni. Von er til þess að það hafi jákvæð áhrif auk vinnu allra kennara að betri bekkjarbrag og skólabrag. Þessi könnun er tekin það snemma að vetrinum að ólíklegt er að áhrifa þessa hafi gætt. Áætlun gerir ráð fyrir að taka nemendakönnun annað hvert ár en líklegt er að við bætum við könnun næsta vetur til að fá vísbendingar um hvort vinnan er að skila árangri.

Foreldrakönnun febrúar 2019

Samkvæmt áætlun taka foreldrar þátt í könnun skólapúlsins á tveggja ára fresti. Að þessu sinni leið ekki nema eitt ár á milli kannana vegna mistaka í áætlanagerð.

Samræmi er í niðurstöðum foreldrakönnunar og nemendakönnunar þegar kemur að líðan nemenda og styrkir það okkur í að taka ákveðið á því máli. Tíðni eineltis og ánægja foreldra með úrvinnslu og hraða vinnslu mála hefur lækkað. Mat foreldra á líðan nemenda hefur aðeins dalað. Hins vegar hefur ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur aðeins aukist og ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda hefur aukist en er enn undir landsmeðaltali. Þeim hefur fækkað sem þykir agi í skólanum hæfilegur og erum við að færast lengra frá landsmeðaltali

Nokkrir þættir foreldrasamstarfs koma vel út, hafa hækkað og eru yfir landsmeðaltali. Má þar nefna að frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi og að foreldrar telja sig hafa meiri áhrif

á ákvarðanir varðandi nemendur en áður. Einnig hefur þeim fjölgað sem telja leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina og þátttaka foreldra í gerð námsáætlana með nemendum hefur aukist. Ánægja foreldra með nám og kennslu hefur aukist en er enn hálfu stigi undir landsmeðaltali. Þeim hefur þó aðeins fækkað sem þykir námsefni hæfilega þungt.

Á skjön við þetta er hins vegar ánægja foreldra með síðasta foreldraviðtal sem hefur lækkað um 1,6% Virkni foreldra í námi barna sinna er á landsmeðaltali en þeim hefur hins vegar fækkað sem telja mikilvægt að gera námsáætlun með nemendum. Mat foreldra á hæfilegri heimavinnu hefur einnig lækkað og er undir landsmeðaltali.

Mikilvægt er að skoða vel þessar niðurstöður og vinna með þær. Líðan nemenda sem kemur fram bæði í nemendakönnun og foreldrakönnun er forgangsatriði. Nokkrir þættir eru greinilega á uppleið og er mikilvægt að horfa til þeirra og nýta þá til að gera betur. Unnið verður að umbótaáætlun og vísa ég einnig í umfjöllun um nemendakönnun.

Nálgast má niðurstöður Skólalámsins undir Skólinn – Gæðamál á heimasíðu skólans, www.gbf.is

Gæðagreinar

Almennt um gæðagreina

Gæðagreinar eru gagnlegt verkfæri fyrir skóla til þess að stuðla að breytingum, þróun og vexti skólastarfsins. Allir starfsmenn, foreldrar og nemendur hafa tækifæri til þess að koma sínum hugmyndum á framfæri vilji þeir stuðla að breytingum til framfara. Einkunnagjöfin er á bili 1-6, við matið er notaður eftirfarandi einkunnaskali. Markmiðið er ávallt að ná sex í öllum þáttum skólastarfsins.

| | | |
|---|----------------|--|
| 6 | Framúrskarandi | Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði |
| 5 | mjög gott | afar sterkur þáttur |
| 4 | gott | Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri |
| 3 | nægilegt | Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök |
| 2 | slakt | Mikilvæg atriði slök |
| 1 | ófullnægjandi | Afar slakur þáttur |

Hver skóli getur gert sér nýja greina til að meta eftir, til dæmis ýmislegt í innra starfi s.s. skólaferðalög, árshátíð og ákveðna þætti sem eru hluti af skólastarfi. Nánari upplýsingar um gæðagreina má nálgast á eftirfarandi vefslóð: <http://skolar.skagafjordur.is/gaedagreinar/>

Sjálfsmatsáætlun

Sjálfsmatsáætlun kemur inn á alla þætti skólastarfsins og nær hún yfir þrjú ár. Auk matsins samkvæmt þriggja ára áætlun eru allar greinar skimaðar á hverju ári. Sjálfsmatsskýrsla er unnin á hverju vori og er aðgengileg á heimasíðu skólans. Hér má sjá áætlun um framvindu Gæðagreinnanna til þriggja ára og verður hún endurmetin á hverju vori. Gæðagreinar þessa árs fylgja í viðauka í skýrslunni. Þar má sjá hvað verið er að meta í hverjum greini fyrir sig. Eldra sjálfsmat skólans má nálgast í eldri sjálfsmatsskýrslum.

| Áætlun um sjálfsmat Grunnskóla Borgarfjarðar 2016-2019 | | | |
|---|---|--|---|
| Skólaár | 2016-2017 | 2017-2018 | 2018-2019 |
| Haustönn | Umbótaáætlun fyrra árs rýnd og kynnt Skólapúlsinn | Umbótaáætlun fyrra árs rýnd og kynnt Gæðagreinir 2 | Umbótaáætlun fyrra árs rýnd og kynnt Gæðagreinir 5 Skólapúlsinn |
| Vorönn | Gæðagreinir 3 Skimun gæðagreina | Gæðagreinir 8 Skimun gæðagreina | Gæðagreinir 9 Skimun gæðagreina |
| Júní | Sjálfsmatsskýrsla | Sjálfsmatsskýrsla | Sjálfsmatsskýrsla |

| Áætlun um sjálfsmat Grunnskóla Borgarfjarðar 2019-2022 | | | |
|---|---|--|--|
| Skólaár | 2019-2020 | 2020-2021 | 2021-2022 |
| Haustönn | Umbótaáætlun fyrra árs rýnd og kynnt Skólapúls, nemendakönnun Gæðagreinir 9 | Umbótaáætlun fyrra árs rýnd og kynnt Gæðagreinir 6 | Umbótaáætlun fyrra árs rýnd og kynnt Gæðagreinir 7 |
| Vorönn | Yfirfara gæðagreina m.t.t. skólanámskrár | Skólapúls, starfsmenn og foreldrar | Gæðagreinir 1 og 4 Skimun gæðagreina |
| Júní | Sjálfsmatsskýrsla | Sjálfsmatsskýrsla | Sjálfsmatsskýrsla |

Gæðagreinir 5.1

Skólanámsskrá

Hvanneyrardeild

Heildareinkunn fyrir hvern lið

Hópur 1: 4,4,5,5,2,5,5,4,5,4,4,3,-,4

Meðaleinkunn 4,5

Sterku hliðarnar okkar:

Við bregðumst við og mætum þörfum nemenda okkar og skólanámskráin gefur okkur svigrúm til þess

Veiku hliðarnar okkar:

Við bætum ekki og þróum skólanámskrána reglulega.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Að vera vakandi fyrir þörfum allra nemenda okkar ásamt því að skoða reglulega skólanámskrána.

Tillögur um aðgerðir:

Skipta upp skólanámskránni og endurskoða hana innan starfsmannahópsins.

Kleppjárnsreykjadeild

Heildareinkunn fyrir hvern lið

Hópur 1: 4.4.4.5.4.4.5.4.5.5.5.5.5,5

Hópur 2: 5,5,5,6,4,6,5,6,6,5,6,5,-,5, Aðstaður - verkefni- sérfræðiaðstoð :1

Hópur 3: 4,4,5,6,6,6,6,4,5; 6,6,6,6,6,

Meðaleinkunn: 5

Sterku hliðarnar okkar:

Við mætum þörfum allra nemenda

Vinum eftir námskrá

Stuðlum að framförum í námi

Veiku hliðarnar okkar:

Stuðningur sveitarfélagsins við skólastarfið

Ónógur stuðningur við kennara og nemendur

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Samvinna þar sem hagar nemenda er hafður að leiðarljósi

Betri aðstaða í skólanum og betri sérfræðistuðningur frá sveitarfélagi

Þróun og sveigjanleiki í skólastarfinu

Tillögur um aðgerðir:

Meiri sérfræðiaðstoð inn í skólann. Betri kjör.

Varmalandsdeild

Heildareinkunn fyrir hvern lið

Hópur 1: 5,4,5,5,4,4,4,5,5,5,5,6,5

Hópur 2: 2,2,4,4,2,1,2,3,5,2,3,3,5,5

Hópur 3: 2,3,3,4,2,5,2,3,4,3,3,4,4,3

Meðaleinkunn: 3,7

Sterku hliðarnar okkar:

Skólanámsskráin er krefjandi og áhugavekjandi og samstarf við framhaldsskóla og tónlistarskóla

Við eflum nemendur í sköpun og sjálfstæði

Veiku hliðarnar okkar:

Nemendalýðræði

Skólanámsskráin ekki nógu aðgengileg o.þ.a.l. erfitt að vinna eftir henni

Skólanámsskráin er ekki sýnileg og ekki endurskoðuð

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Þarfir nemenda

Gera skólanámsskránnar sýnilega og þægilega í framkvæmd

Tillögur um aðgerðir:

Gera skólanámsskránnar öllum aðgengilegri og skiljanlegri

Endurskoða og gefa út..... skýrari heildarsýn

Gæðagreinir 5.2

Kennsla sem leiðir til árangursríks náms

Hvanneyrardeild

Heildareinkunn fyrir hvern lið

Hópur 1: 4,4,4,5,5,4,4,4,5; 5.4.5.5.5.5.3. 3,5; 4,5

Meðaleinkunn: 4,5

Sterku hliðarnar okkar:

Nemendur taka virkan þátt í náminu, vinna sjálfstætt ásamt því að þau fá hvetjandi spurningar sem þau síðan ígrunda.

Veiku hliðarnar okkar:

Purfum að taka aukið mið af skoðunum nemenda í skipulagningu skólstarfsins.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Skapandi verkefni og fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir.

Tillögur um aðgerðir:

Vera vakandi fyrir skoðunum nemenda og nýjum kennsluaðferðum

Kleppjárnsreykjadeild

Heildareinkunn fyrir hvern lið

Hópur 1: 5,6,5,4,6,5,4,5,6,5,4,5,6,5,6,6,6 Auka sjálfstæði og vinnu nemenda :1

Hópur 2: 6,6,6,6,4,5; 6,6,6,6,6,6,6,6,6,4,6, Nægur stuðningur fyrir þá sem þurfa:1, Nægur tæknibúnaður til staðar : 1

Hópur 3: 5,4,5,5,5,4,4,5,5,4,4,5,5,5,5,5,5

Meðaleinkunn: 5

Sterku hliðarnar okkar:

Tökum mið af þörfum nemenda og vinnum með þær

Náum til flestra nemenda, svo þeir njóta sín í námi.

Við hvetjum nemendur til sjálfstæðra vinnubragða og tökum mið af getu hvers og eins

Veiku hliðarnar okkar:

Auka sjálfstæð vinnubrögð

Skortur á fjármagni

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Aukinn stuðningur við kennara og nemendur

Tillögur um aðgerðir:

Vinna markvisst að sjálfstæði nemenda

Varmalandsdeild

Heildareinkunn fyrir hvern lið

Hópur 1: 5,5,5,5,6,5,4,5,5,4,4,4,5,5,4,5,5,

Hópur 2: 4,5,5,4,5,4,4,4,4,2,2,4,5,5,4,4,5

Hópur 3: 3,3,4,3,5,3,3,3,2,3,3,3,4,3,5,2,3

Meðaleinkunn: 4

Sterku hliðarnar okkar:

Tæknilega er skólinn vel settur

Komum til móts við námsparfir nemenda

Upplýsingatækni í skólstarfi og hvetjum nemendur til að láta rödd sína heyrast

Veiku hliðarnar okkar:

Purfum að auka metnað og frumkvæði nemenda

Nemendur virðast ekki vera virkir þátttakendur og taka ekki ábyrgð

Alltof margar

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

þurfum að ná virkni nemenda

Aukið samtal milli starfsmanna um þarfir nemenda og samþættingu námsgreina

Tillögur um aðgerðir:

Aukið samtal milli starfsmanna um þarfir nemenda og samþættingu námsgreina

Gæðagreinir 5.3

Til móts við námsþarfir

Hvanneyrardeild

Heildareinkunn fyrir hvern lið

3,3,3,4, 3,5; 4,5,5,4,3,

Meðaleinkunn: 4

Sterku hliðarnar okkar:

Góður stuðningur sérkennara og nýting sérúrræða skólans og að við nýtum okkur þeirra ráð og hugmyndir.

Veiku hliðarnar okkar:

Við þurfum að bæta okkur í að mæta námsþörfum allra nemenda og nemendahópa og val viðfangsefna.

Tillögur um aðgerðir:

þurfum að vera duglegri að skrásetja betur einstaklingsnámskrár.

Kleppjárnsreykjadeild

Heildareinkunn fyrir hvern lið

Hópur 1: 6,5,6,6,6,6,5,5,5,4

Hópur 2: 6,5,5,6,6,5,6,5,6,4,5

Hópur 3: 5,4,5,5,5,5,5,5,5,5

Meðaleinkunn: 5

Sterku hliðarnar okkar:

Komum til móts við þarfir nemenda

A,D,E,G

Við erum vakandi fyrir að mæta öllum á þeirra forsendum

Veiku hliðarnar okkar:

þarf kannski að virkja foreldra til að taka þátt í allsherjar námsmati

H,J

Vantar betri aðstöðu fyrir sérúrræði/sérkennslu. Sérfræðipjónustan mætti vera meira/oftar á staðnum

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Við þurfum meiri sérfræðiaðstoð inn í skólann

Að nauðsynleg úrræði séu fyrir hendi til að geta lagt fyrir einstaklingsmiðuð verkefni og þannig mætt þörfum allra.

Tillögur um aðgerðir:

Fleiri þroskaþjálfna, sálfræðinga, talmeinafræðinga, iðjuþjálfna

Varmalandsdeild

Heildareinkunn fyrir hvern lið

Hópur 1: 3,3,2,2,3,3,2,4,2,2,

Hópur 2: 5,5,5,5,5,5,5,5,3

Hópur 3: 4,4,4,5,5,5,4,5,3,2

meðaleinkunn: 3,7

Sterku hliðarnar okkar:

Megum bæta okkur á öllum sviðum

Vilji til að sinna þörfum nemenda

Reynum okkar besta til að mæta fjölbreytileika nemendahópsins

Veiku hliðarnar okkar:

alltof margar

Þekking á stoðþjónustu reyndist ekki næg

Þátttaka foreldra og nemenda í áætlanagerð

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Að nemendur fái viðeigandi úrræði

Tillögur um aðgerðir:

Opna okkur☺

Gæðagreinir 5.4

Mat í þágu náms/leiðsagnarmat

Hvanneyrardeild

Heildareinkunn fyrir hvern lið

Hópur 1: 3,5; 4,5,3,5,5,4,3,5; 3,5; 4,4,

Meðaleinkunn: 4

Sterku hliðarnar okkar:

Við skipuleggjum kennsluna með fjölbreytta kennsluhætti í huga

Veiku hliðarnar okkar:

Nemendur okkar gera ekki mikið af sjálfsmati

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Að námsverkefni séu við hæfi og fjölbreytt

Tillögur um aðgerðir:

Útbúa sjálfsmat að loknum verkefnum

Kleppjárnsreykjadeild

Heildareinkunn fyrir hvern lið

Hópur 1: 5,5,4,4,4,6,6,4,5,5,4,

Hópur 2: 4,5; 5,6,4,5; 5.6.6.5.5, 5,5; 6,6,

Hópur 3: 5,5,5,3,5,5,5,4,5,4,4,

Meðaleinkunn: 4,8

Sterku hliðarnar okkar:

Leggjum okkur 100% fram um að koma til móts við nemendur og metum útfra því.

C,F,G,J,K

Nemendur eru yfirleitt meðvitaðir um til hvers er ætlast af þeim og samvinna starfsfólks er mikil

Veiku hliðarnar okkar:

Auka endurgjöf og virkja námsmat betur.

A, D

Mættum vera duglegri að nota oftari jafningjamat.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Að nauðsynlegur stuðningur sé fyrir hendi til að geta mætt einstaklingsþörfum nemenda.

Varmalandsdeild

Heildareinkunn fyrir hvern lið

Hópur 1: 2,3,3,1,2,3,3,2,5,5,3,2

Hópur 2: 5,5,4,3,5,5,5,5,3,4,4,

Hópur 3: 4,4,3,2,3,5,5,4,3,5,3,3

meðaleinkunn: 3,4,

Sterku hliðarnar:

Við metum hvern einstakling að verðleikum

Hjálpa nemendum þar sem þeir eru staddir

Nám og námsefni við hæfi hvers og eins

Veiku hliðarnar:

Þátttaka nemenda slæg

Þátttaka nemenda í mati hvað megi betur fara

Jafningjamat og virkni nemenda

Mikilvægust þættirnir:

Líðan nemanda

Gæðagreinir 5.5

Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri

Hvanneyrardeild

Heildareinkunn fyrir hvern lið

Hópur 1 : 5,4,5,5,5,3,4,5,4,4,4,5,3,5; 4,3,3,

Meðaleinkunn: 4

Sterku hliðarnar okkar:

Við gerum nemendum okkar kleift að ná árangri og hrósum þeim þegar vel gengur

Veiku hliðarnar okkar:

